



Réttarfarsnefnd
Ása Ólafsdóttir, formaður

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmt.is dmt.is

Reykjavík 26. janúar 2023
Tilv.: DMR23010019/4.7

Ráðuneytið hefur undanfarið haft til athugunar ýmis atriði er varða réttarfarslöggjöf auk þess sem því hafa borist erindi þar sem þess er óskað að tiltekin atriði sé tekin til endurskoðunar. Ráðuneytið fer þess hér með á leit við réttarfarsnefnd að hún taki eftirtalið til skoðunar.

1. Dómskýrslur á rannsóknarstigi, sbr. 59. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Í júní 2018 kom út *Skýrsla starfshóps um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotápola er að ræða* (fylgiskjal 1), sem unnin var fyrir ríkissaksóknara. Í skýrslunni kemur meðal annars fram það álit starfshópsins að rétt sé að skoðað verði vel hvort rétt sé að hverfa frá því fyrirkomulagi að taka dómskýrslu á rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur meðal annars kynferðisbrota, sbr. a- og c- lið 59. gr. laga um meðferð sakamála. Í frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotápola, fatlaðs fólks og aðstandenda) sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, þingskjal 1197 – 718. mál, voru lagðar til breytingar á 59. gr. og 111. gr. laga um meðferð sakamála, en það frumvarp var ekki afgreitt úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Frumvarpið var lagt fram að nýju og samþykkt á 152. gr. löggjafarþingi, sjá lög nr. 61/2022, en þá hafði verið fallið frá tillögum fyrra frumvarps um breytingar á 59. gr. og 111. gr. laga um meðferð sakamála, meðal annars í ljósi umsagna sem allsherjar og menntamálanefnd hafði borist frá ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Þess er óskað að réttarfarsnefnd taki til athugunar hvort æskilegt sé að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði um töku dómskýrsla á rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur, með hliðsjón af framangreindri skýrslu starfshóps ríkissaksóknara og réttarþróun á hinum Norðurlöndunum. Telji réttarfarsnefnd að rétt sé að gera breytingar þar á óskar ráðuneytið jafnframt eftir tillögum nefndarinnar þar að lútandi, eftir atvikum í formi lagafrumvarps.

2. Áfrýjun sakamáls, sbr. 198. gr. laga um meðferð sakamála.

Í lokaathugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna (fylgiskjal 2, 12. mgr., bls. 3), frá árinu 2012, vegna 5. skýrslu Íslands um framkvæmd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, lagði nefndin til að gerðar yrðu breytingar á 198. gr. laga um meðferð sakamála, þannig að undantekningarlaust væri heimilt að áfrýja áfellisdómi í sakamáli óháð tildæmdum viðurlögum og án áfrýjunarleyfis. Þetta álitaefni kom upp að nýju þegar unnið var að 6.

skýrslu Íslands um framkvæmd samningsins í árslok 2022. Ráðuneytið óskar álits réttarfarsnefndar á því hvort fýsilegt sé þess að leggja til breytingar á 198. gr. í þá átt sem lagt er til af hálfu mannréttindaneftndar Sameinuðu þjóðanna, meðal annars með hliðsjón af mannréttindaskuldbindingum Íslands.

3. Framkvæmd húsleita á lögmannsstofum.

Með bréfi, dagsettu 9. febrúar 2017 (fylgiskjal 3), fór Lögmannafélag Íslands (LMFÍ) þess á leit við dómsmálaráðherra að réttarfarsnefnd yrði falið að stilla upp tillögu að reglum um framkvæmd húsleita á lögmannsstofum. Í kjölfarið áttu fulltrúar félagsins fund með réttarfarsnefnd þar sem samþykkt var að LMFÍ stillti upp rökstuddum tillögum þessa efnis og sendu nefndinni. Þær tillögur bárust dómsmálaráðuneytinu með bréfi dagsettu 8. september 2020 (fylgiskjal 4) og með bréfi dagsettu 8. október 2020 fór ráðuneytið þess á leit við réttarfarsnefnd að nefndin ynni lagafrumvarp sem fæli í sér fyrirmæli um framkvæmd húsleita og halldagningu gagna hjá lögmannsstofum, eftir atvikum með hliðsjón af tillögum LMFÍ. Með erindi, dagsettu 24. nóvember 2022 (fylgiskjal 5) ítrekaði LMFÍ fyrri erindi við ráðuneytið og óskaði þess að tillögur þess yrðu tekna til formlegrar meðferðar innan ráðuneytisins og/eða réttarfarsnefndar.

Ráðuneytið óskar þess hér með réttarfarsnefnd geri drög að lagafrumvarpi um framkvæmd húsleita og halldagningu gagna á lögmannsstofum, eftir atvikum með hliðsjón af tillögum LMFÍ. Ráðuneytið telur jafnframt að um leið sé nauðsynlegt að tekin verði afstaða til þess hvort slíkar lagareglur þurfi að byggjast á breiðari grunni með tilliti til annarra starfsstéttu, svo sem presta, lækna, sálfræðinga, endurskoðenda og svo framvegis.


4. Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.

Ráðuneytinu hefur borist erindi LMFÍ, dagsett 7. desember 2022 (fylgiskjal 6), þar sem bent er á nokkrar breytingar á réttarfarslöggjöf sem félagið telur mikilvægt að ráðist sé í til þess að leiðréttta hlut aðila sem þurfa að leita til dómstóla. Varðar erindið í fyrsta lagi kostnað gagnaðila við gera athugasemdir við framkomna beiðni um áfrýjunarleyfi í einkamáli til Hæstaréttar Íslands, í öðru lagi kostnað málsaðila í sakamáli í tengslum við framlagningu beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, og í þriðja lagi kostnað málsaðila í þeim tilvikum þar sem dómur í einkamáli er ómerktur og vísað til nýrrar meðferðar í héraði eða í Landsrétti. Ráðuneytið óskar hér með afstöðu réttarfarsnefndar til þeirra tillagna sem fram koma í erindi LMFÍ og samantekt um helstu kosti og gallar hverrar tillögu um sig.

5. Aðgangur verjanda að gögnum skv. 1. mgr. 37. gr. laga um meðferð sakamála.

Ráðuneytinu hefur borist erindi LMFÍ, dagsett 24. nóvember 2022 (fylgiskjal 7), þar sem félagið gerir grein fyrir þeirri afstöðu sinni að nauðsynlegt sé að gera breytingar á 1. mgr. 37. gr. laga um meðferð sakamála, þar sem viðurkenndur verði réttur verjenda til þess að fá afhentar mynd- og hljóðupptökur á rannsóknarstigi á sama hátt og skjöl. Ráðuneytið óskar hér með afstöðu réttarfarsnefndar til þessarar tillögu ásamt helstu kostum og göllum sem hún kynni að hafa í för með sér.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði


Bryndís Helgadóttir